

Tillaga að ályktun um áskorun til að beita sér fyrir aukinnar löggæslu á Vestfjörðum

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnafirði, 18. og 19. október 2024 skorar á Dómsmálaráðherra og stjórnvöld að beita sér fyrir aukinni löggæslu í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum ásamt því að efla landamæra eftirlit og verkefni á sviði almannavarna á Vestfjörðum.

Flutningsmaður tillögu: Stjórn FV

Greinargerð:

Umsvif og umfang löggæslu á Vestfjörðum hefur aukist undanfarin ár án þess að fjöldi lögreglufólks hafi aukist á sama tíma. Lögreglan og löggæsla er mikilvægur hluti af innviðum samfélagsins og mikilvægt að viðbragð og geta hennar til að takast á við aukin verkefni sé tryggð.

Dæmi um breytingar á undanförunum árum eru:

- Aukinn íbúafjöldi.
- Aukin umferðapungu (ferðafólk) á vegum í umdæminu.
- Aukinn þungi stórra ökutækja á vegum í umdæminu, bæði vöru og fólksflutningar.
- Aukinn fjöldi skemmtiferðaskipa sem koma til hafna á Vestfjörðum með tilheyrandi önnum (flestar innviðir koma með einum eða öðrum hætti að verkefnum sem af þessum fjölda hlýst, s.s. lögregla, sjúkraflutningar, heilbrigðisstofnanir og fl.)
- Aukin áhersla á svk. samfélagslöggæslu (aukið forvarnasamstarf lögreglu með börnum, foreldrum þeirra og stofnunum sem vinna með einum eða öðrum hætti með börnum).
- Auknar áherslur á aðkomu lögreglu vegna vegabréfaskoðunar og eftirliti með útlendingum með hliðsjón af landamæraeftirliti (Schengensamstarfið).
- Aukin áhersla á styttri viðbragðstíma lögreglu. Þar er m.a. áskorun hversu fámennnt lögregluliðið er ekki síst m.t.t. langra vegalengda milli starfsstöðva (Hólmavík-Patreksfjörður-Ísafjörður).
- Aukin áhersla á almannavarnir, s.s. viðbragðsáætlanir, æfingar og verkefni.
- Aukin krafa um styttri málsmeðferðatíma mála sem koma til rannsóknar hjá lögreglu.

- Auknar kröfur til lögreglu á öllum sviðum og fjölmörg verkefni sem ekki hafa verið tíunduð hér að ofan.

Jafnframt má nefna að önnur lögreglumdæmi á landinu hafa fengið aukin stöðugildi í sviði alnavarna og landamæraeftirlits, en hvoru tveggja þessara verkefna hefur aukist til muna á síðustu árum í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum.

Kröfur vegna landamæraeftirlits hafa aukist verulega síðustu ár í öllu umdæminu m.a. vegna komu skemmtiferðaskipa.

Það er því veruleg uppsöfnuð þörf til að fjölga almennu lögreglufólki um a.m.k. fjögur stöðugildi ásamt því að fjölga um tvö stöðugildi sem sinna landamæraeftirliti og almannavörnum.